



STARFSMAANAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

# FRETTABRÉF

3. tbl. 44. árg. maí. 2009



**Molar um sögu baráttudags verkalýðsins  
Af hverju stöðvaði Ögmundur þjónustutílskipunina?  
Fjárhagsvandi heimilanna – hvaða úrræði eru í boði?  
Byggðasafnið að Görðum á Akranesi  
Smásagnasamkeppni**

# Leiðari



Garðar Hilmarsson

## Laun og skerðingar

Að lækka laun með því að minnka starfshlutfall lækkar ekki aðeins núverandi laun, heldur einnig lífeyrisgreiðslur til framtíðar um leið og það mun dýpka kreppuna. Þeir aðilar sem verða fyrir launaskerðingu munu eiga erfiðara með að borga af lánum, og munu síður verða þátttakendur í þeirri uppbyggingu sem nauðsynleg er til þess að atvinnulífið nái sér upp úr þeirri kreppu sem þjóðin er í.

Síðan er spurningin hve mörgum prósentum af starfinu má segja upp án þess að loforð teljist brotið um að ekki eigi að segja fólki upp. Er það 5%, 50%, 90% eða verður það að vera 100%.

## Verðtrygging

Það er óviðunandi að hækka þá skatta sem hafa áhrif á verðtryggingu. Það á við um skatta og gjöld á almennar neysluvörur sem og um áfengi og tóbak, eða annað sem jafnvel telst vera lúxusvörur og/eða óþafi. Það ber að afnema verðtrygginguna áður en slíkar leiðir eru hugleiddar. Hækkun óbeinna skatta sem fer beint inn í vísitölu og þaðan í verðtryggingu, á tímum þar sem afleiðingar af þeirri rányrkju hefur skollað á skuldurum af fullum þunga, er úrræði sem ekki er samboðin ríkisstjórn sem segist ætla að vernda heimilin í landinu.

## Góðæri

Við vorum í svokölluðu góðæri þar sem gildismat var ekki hefðbundið, gömlu ráðin, leiðir og hugtök voru lítills metin af mörgum. Þar á meðal voru hugtök eins og samstaða, stéttarfélag og kjarasamningar. Þar var sú trú að einstaklingurinn væri nægilega sterkur til þess að semja fyrir sjálfan sig. Atvinnurekandinn og launamaðurinn gætu samið á jafnréttisgrundvelli og að adkoma stéttarfélags væri óþörf, ef ekki til óþurftar.

Þessi umræða var öflugri og átti sterkari hljómgrunn hjá ráðamönnum fyrirtækja þar sem betri voru launin og menntunin í atvinnugreininni. Þeir létu að því liggja að kannski þyrfti verkamaðurinn og verkakonan á þessu að halda en ekki þeirra starfsmenn. Hjá þessum fyrirtækjum sögðu forráðamenn við þá sem

trúðu ekki, „að sjálfsgöðu hugsum við um starfsfólkið það er okkar mesta auðlind.“ Það sem þeir sögðu ekki, var hvað er gert við þá starfsmenn sem voru komnir að úreldingu, hvað með það starfsfólk sem var veikt, hvað með það starfsfólk sem var þreytt, hvað með þá sem ekki voru bara í stuði þann daginn. Þeir létu það liggja á milli hluta að í reynd litu þeir á mannauðinn eins og annan auð, eins og járnút sem í fólst ákveðið verðmæti og ef hann var farinn að ryðga til endanna þá á bara að saga af honum og henda. Það sem hjálpaði þó starfsmönnum, var þeirra vörn, var að það var skortur á vinnuafli, svo það var jafnvel þess virði að ryðverja frekar en að henda.

## Kreppa

En nú er kreppa. Nú sér hver maður að það er samstaðan sem gildir, það eru kjarasamningarnir sem halda best og stéttarfélag starfsmanna sem er sá félagsskapur sem getur helst varið það sem áunnist hefur. Nú er hætta á að skammsýnir atvinnurekendur noti tækifærið til þess að líta á mannauðinn sem aðeins minni auð og útskiptanlegan, að auðveldast sé að stjórna með hræðsluna að vopni, nýta sér atvinnuleysið til þess að skapa ógnarstjórn.

En það mega þeir vita að þetta er hægfara leið til þess að draga úr afköstum, eyðileggja samkeppnisstöðu fyrirtækisins og er hæg en örugg leið til þess að setja fyrirtækið í þrot.

## Fréttabréf

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar  
Grettisgötu 89

105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson, Dagný Guðmundsdóttir, Stefán Pálsson og

Jónína Óskarsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur.: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

### Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen fjármálastjóri

Garðar Hilmarsson formaður

Gunnar Ingi Jónsson verkefnisstj.

Halldór Gunnarsson verkefnisstjóri

Jakobína Þórðardóttir framkv.stjóri

Lára Júlíusdóttir þjónustufulltrúi

Oddný Valgeirsdóttir þjónustufulltrúi

asaclausen@strv.bsrb.is

gardar@strv.bsrb.is

gunnaringi@strv.bsrb.is

halldor@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is

lara@strv.bsrb.is

stak@aknet.is

### Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður

Guðrún Arnadóttir - varaform.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir ritari

Jónas Engilbertsson - gjaldkeri

Ása Hauksdóttir

Hallgerður Inga Gestsdóttir

Ingjaldur Eidsson

Ingveldur Jónsdóttir

Jón Bergvinsson

Jón Ingi Hilmarsson

Þórdís Björk Sigurgestsdóttir

gardar@strv.bsrb.is

gudrun.arnad@reykjavik.is

gudridur.sigurbjornsdottir@reykjavik.is

j.engilberts@gmail.com

asa@hitthusid.is

hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is

ingjaldur.eidsson@or.is

ingo@grundaskoli.is

jon.bergvinsson@reykjavik.is

jhilmars@landspitali.is

thordis@faxafloahafnir.is

## Starfsmenn í velferðarþjónustu

Þetta á einnig við um ýmsar stofnanir, því mörg störf innan opinbera geirans eru því marki brennd að árangur þeirra verður ekki metinn nema með rannsóknnum og könnunum sem jafnvel

þurfa að fara fram löngu síðar. Þá er það um seinan og skaðinn skeður ef illa hefur verið staðið að verki.

Þegar verkefni eru brýn og krefjandi þá þurfa viðkomandi starfsmenn á allri sinni orku og athygli að halda til þess að leysa þau. Þá er það neikvætt og dregur úr árangri að þurfa stöðugt að líta um öxl og vera í vörn gagnvart stjórn-

endum, sem eiga að styðja og hjálpa þeim til þess að ná sem bestum árangri. Því er samdráttur á þessum sviðum rangur.

*Garðar Hilmarsson  
formaður St.Rv.*

## Mikil endurnýjun í stjórn



*Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar f.v. Ingveldur Jónsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Ása Hauksdóttir, Jónas Engilbertsson, Þórdís Börk Sigurgestsdóttir, Hallgerður Inga Gestsdóttir, Garðar Hilmarsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Ármann Pétursson og Jón Bergvinsson á myndina vantar Jón Inga Hilmarsson og Ingjald Eiðsson.*

Eftir aðalfund komu fjórir nýjir einstaklingar inn í stjórn St.Rv. það eru þau Ása Hauksdóttir sem starfar í Hinu húsinu hjá ÍTR, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir starfar á Faxaflóahöfnum, Ingjaldur Eiðsson starfar á Orkuveitunni og Jón Bergvinsson starfar á Framkvæmda- og eignasviði. Þjóðum við þessa stjórnarmenn velkomna til starfa.

Þeir sem hættu í stjórn í mars síðastliðinn voru þau Ragnhildur Helgadóttir, Víglundur Rúnar Jónsson, Þóra Sigurðardóttir og Þórdís Sigurðardóttir og þökkum við þeim gott samstarf á síðastliðnum árum.

# Aðalfundur St.Rv.



Á óvenju fjölmennum aðalfundi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sem haldinn var fimmtudaginn 19. mars kl. 17 fór Garðar Hilmarsson formaður St.Rv. yfir ákveðna þætti í árskýrslu, sem hafði verið send öllum félagsmönnum í Fréttabréfi. Fjármálastjóri félagsins, Ása Clausen skýrði reikninga fyrir hönd gjaldkera Vígglundar Rúnars Jónssonar. Tekin var ákvörðun um óbreytt árgjöld félagsmanna. Kjörstjóri kynnti kosningarúrslit til stjórnar. Á fundinn komu Sigríður Thorlacíus og Hjörtur Ingi Jóhannsson og fluttu þrjú lög við fögnuð fundar-gesta.

Fundurinn ályktaði eftirfarandi:

## Ályktun I

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, haldinn 19. mars 2009, ályktar: Í yfirlýsingu, sem Evrópusamtök verkalyðsfélaga (ETUC) sendu frá sér í lok febrúar, segir að óviðundandi sé að launafólk beri byrðar af efnahagshruni,

sem það beri enga ábyrgð á heldur sé framkallað af blygðunarlausri græðgi fjármálafyrirtækja og fjárglæframanna. Fundurinn tekur undir þetta og krefst þess að stjórnvöld hraði sem mest aðgerðum til varnar kjörum almennings og beiti öllum tiltækum ráðum til þess. Meðal nauðsynlegra úrræða má nefna:

Standa vörð um heimili og afkomu almennings og stöðva stöðuga hækkun skulda og afborgana.

Tryggja atvinnu, treysta rekstrargrundvöll fyrirtækja og hrinda í framkvæmd þjóðhagslega hagkvæmum og atvinnuskapandi verkefnum.

Standa vörð um velferðarkerfið og opinberan rekstur almannabjónustu og jafna kjörin.

Koma á árangursríku regluverki, sem komi í veg fyrir að aftur verði snúið til þess spilavítiskapítalisma, sem hefur einkennt efnahagslífið mörg undanfarin ár, og taka þátt í alþjóðlegum aðgerðum í þá veru.

Hraða rannsókn á fjármálahruginu og aðdraganda þess og gera allt sem hægt er til að ná aftur því sem rænt hefur verið af almenningi.

Fundurinn hvetur verkalyðshreyfinguna til að veita stjórnvöldum stuðning og ekki síður aðhald til þessara verka. Jafnframt er hvatt til þess að ekkert verði gefið eftir í kjaramálum né gengið að frestun kjarasamninga nema tryggt sé að það sé aðeins til bjargar atvinnulífinu en **ekki hagnaðar fyrir atvinnurekendur og fjármagnseigendur**. Bókhald fyrirtækja verður að vera opið og launaleynd og hverskyns tekju- og eignaleynd afnumin með öllu.

## Ályktun II

Aðalfundur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, haldinn 19. mars 2009, hvetur alla vinnuveitendur félagsmanna til þess að virða kjarasamninga og forðast að skerða kjör starfsmanna sinna, enda er almennt ekki um hálaunastörf að ræða. Jafnframt hvetur fundurinn jafnt yfirmenn sem almennt starfsfólk til að standa þétt saman og sýna hvert öðru stuðning á þessum tímum, þegar margir þurfa að takast á við fjárhagslega erfiðleika og jafnvel atvinnumissi fjölskyldumeðlima.



# Molar um sögu baráttudags verkalyðsins



## Ævaforð bændahátíð?

Árni Björnsson þjóðháttfræðingur, tekur undir hina gömlu sögusögu Alþýðublaðsins í riti sínu Sögu daganna. Samkvæmt henni tók verkalyðshreyfingin upp á arma sína gamla vorhátíð alþýðufólks í sveitum, sem verið hafði á undanhaldi á nítjándu öld ekki hvað síst vegna aukinnar þéttbýlismyndunar. Hafði þessi forna vorhátíð víða um lönd tengt dans- og drykkjuveislum, auk þess sem nornahyski var sagt láta á sér kræla þennan dag.

Ekki eru þó allir á einu máli um þessa upprunaskýringu. Hugmyndin um sérstakan hátíðisdag verkafólks virðist hafa komið fram um svipað leyti á nokkrum stöðum. Nýja Sjáland, sem var framarlega í ýmsum mannréttindamálum í kringum aldamótin 1900, varð árið 1899 fyrst ríkja til að gera verkalyðsdaginn að almennum frídegi.

Dagurinn hafði þá um nokkurt skeið verið haldinn í október, enda telst baráttan fyrir átta stunda vinnudegi í landinu hafa byrjað í þeim mánuði árið 1840.

Í Bandaríkjunum var átta stunda vinnudagurinn sömuleiðis eitt helsta baráttumálið og haustið 1884 lýsti hópur verkalyðsfélaga þeirri kröfu sinni að hann skyldi taka gildi þann fyrsta maí 1886. Þegar sá dagur færðist nær og atvinnurekendur sýndu engin merki um eftirgjöf, voru stórfelldar aðgerðir með kröfugöngum og verkföllum skipulögð um land allt.

## Harmleikur á Haymarket

Þremur dögum síðar saud upp úr í Chicago. Sprengju var varpað í átt að lögreglumönnum

á mótmælafundi í tengslum við verkfall. Í kjölfarið brutust út átök sem kostuðu nokkra lögreglumenn og ótilgreindan fjölda verkamanna lífið. Atburðirnir sem kenndir voru við Haymarket og vafasöm réttarhöldin í kjölfarið, urðu eitt hatrammasta deiluefni bandarískrar verkalyðssögu.

Það munu hafa verið bandarísku fulltrúarnir á þingi Alþýðusambands sósíalista sem lögðu það til árið 1889 að baráttudagur verkalyðsins skyldi haldinn árlega frá og með fyrsta maí 1890. Félagar þeirra í Evrópu tóku hugmyndina strax upp á sína arma og breiddist baráttudagurinn hratt út um álfuna.

Örlög dagsins urðu hins vegar á annan veg í upphafslandinu, Bandaríkjunum. Þar hafði hluti verkalyðshreyfingarinnar komist að þeirri niðurstöðu að betra væri að halda uppá verkalyðsdaginn fyrsta mánudag í september. Bandarísk stjórnvöld snerust á sveif með þeirri dagsetningu, ekki hvað síst til að tryggja að minning dagsins yrði ekki nátengd sögu Haymarket-morðanna. Jafnframt tókst ráðamönnum að koma því til leiðar að mesta pólitíska bitíð var dregið úr bandaríska verkalyðsdeginum - á þann hátt að áherslan varð fremur á skrautsýningar um gildi vinnunnar og einstakra atvinnugreina en á stéttaátök og kjarabaráttu.

*Stefán Pálsson*



## Dagsferð eftirlaunahóps

Þann 24. júní verður farin árleg ferð eftirlaunahóps innan St.Rv.

Farið verður um uppsveitir Borgarfjarðar. Lagt verður af stað frá Grettisgötu 89 kl. 10 í rútu og heimkoma er áætluð um kl. 21

Verð í ferðina er 4.000 kr. Innifalið er rútuferð,

leiðsögn og kvöldverður.

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofu félagsins í síma 525-8330 eða skrái sig á heimasíðu félagsins [www.strv.is](http://www.strv.is)**

# Af hverju stöðvaði Ögmundur þjónustutílskipunina?



Það fór aldrei svo að íslenskir fjölmiðlar veittu ekki þjónustutílskipun ESB athygli, en daginn fyrir kosningar sló Morgunblaðið henni upp á forsíðu og fjallaði nánar um málið á innsíðum. Tilefnið var þó ekki sú faglega og gagnrýna umfjöllun um þjónustutílskipunina almenningsi til upplýsingar, sem lengi hefur verið beðið eftir af þeim sem fylgst hafa með þessari umdeildu tilskipun frá upphafi. Tilefnið var heldur það að Ögmundur Jónasson, heilbrigðisráðherra og formaður BSRB in absentia, neitaði tímabundið að hleypa tilskipuninni áfram innan stjórnkerfisins og hlaut bágt fyrir í nefndri umfjöllun Morgunblaðsins. Hér er því ætlunin að rekja sögu þessarar mikilvægu tilskipunar, hvar það er statt í kerfinu og leiða getum að skýringum á viðbrögðum Ögmundar.

## Frelsi?

Þjónustutílskipunin sá fyrst dagsins ljós 2004 og var þá sett fram sem hluti af Lissabon-áætlun Evrópusambandsins frá árinu 2000 sem miðaði að því að gera ESB að samkeppnishæfasta efnahagssvæði heimsins 2010. Hugmyndin var að fjarlægja „viðskiptalegar“ hindranir sem væru í vegi fyrir þjónustuviðskiptum fyrirtækja milli landa, hvort sem þær væru af lagalegum eða stjórnsýslulegum toga. Jafnframt átti að tryggja lagalegar undirstöður tveggja þátta fjórfrelsisins svokallaða, þ.e. réttarins til að veita þjónustu og réttarins til að stofna fyrirtæki í öðru landi. Og samkvæmt röksemdafærslu ESB átti nýja fyrirkomulagið, sem af þessu hlaust að leiða til aukinnar samkeppni og þar með lægra verðs, aukinna gæða og fleiri valmöguleika fyrir neytendur. En þó svo fyrirætlunum sé pakkað inn í falleg orð og fyrirheit, er ekki þar með sagt að allir væru sammála um ágæti þeirra.

## ...eða helsti?

Í fyrirlestri sem undirritaður flutti í utanríkisráðneytinu um málið kom fram afstaða sem má segja að hafi verið nokkuð dæmigerð um afstöðu verkalyðshreyfingarinnar í Evrópu um málið: „Eins og þjónustutílskipunin er framsett er hún bein áráð á verkalyðshreyfinguna í Evrópu og félagsmenn hennar, á það launafólk sem stendur utan verkalyðsfélaga og á velferðarkerfið í Evrópu. Komi hún óbreytt til framkvæmda er hætta á að laun í Evrópu muni lækka, réttindi launþega verða stórlega skert, draga mun úr jöfnuði og velferðarkerfið mun standa berskjaldað fyrir árásum. Við það mun samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja hugsanlega styrkjast í bráð, en á hinn bóginn fer óheftur markaðskapitalismi ekki saman við efnahagslega og félagslega velferð og öryggi hins almenna borgara og launamanns.“

## Markaður eða samfélag borgara?

Höfundar þjónustutílskipunarinnar (Bolkenstein) höfðu sem yfirlýstan megintilgang að koma á “fjórfrelsinu” á innri markaðinum, með því að fjarlægja “hindranir” og koma á samkeppni. Því miður lögðu þeir ekki neina áherslu á hin tvö helstu markmið Lissabon-áætlunarinnar, sem voru að ná fram fullri atvinnu og styrkja efnahagslega og félagslega samþættingu, með sjálfbærri þróun. Þvert á móti þá lentu þau lög og reglur sem eiga að tryggja fulla atvinnu, efnahagslega og félagslega samþættingu, svo sem miðlægir kjarasamningar, sértæk hjálp til ákveðinna hópa, landsvæða eða atvinnugreina o.s.frv. á lista þjónustutílskipunarinnar um hugsanlegar „viðskiptahindranir.“

Deilan snerist því ekki síst um rétt aðildarríkja til að grípa til svokallaðra sértækra ráðstafana, en þó engu síður um rétt þeirra til að skipuleggja og fjármagna opinbera almannaþjónustu eftir eigin höfði og eftir vilja kjósenda í hverju landi.

## Ófullnægjandi samkomulag

Til að gera langa sögu stutta tók við þriggja ára togstreita um þjónustutílskipunina allt þar til hún var samþykkt í Evrópuþinginu í desember 2006. Þessi barátta fór fram milli hægri og vinstri flokka á Evrópuþinginu, en ekki síst voru þátttakendur evrópsk verkalyðshreyfing og fjölmörg félagsamtök annars vegar og stærrí fyrirtæki og hagsmunasamtök þeirra hins vegar. Í þessari deilu var Evrópusamband starfsfólks í almannaþjónustu, EPSU, í fararbroddi og tók BSRB þátt í þeirri baráttu af fullum þunga. Þegar tilskipunin var svo loks samþykkt í lok árs 2006 hafði tekist að sníða af henni verstu agnúana, en þó voru menn langt í frá sáttir. Verkalyðshreyfingin í Noregi hefur t.d. krafist þess að Noregur beiti neitunarvaldi gegn innleiðingu hennar þar í landi. Stjórnvöld þar hafa þó hikað við, enda er EES-samningurinn nú túlkaður þannig að neitun myndi þýða að réttindi Noregs á sviði þjónustuviðskipta á innri markaði ESB féllu niður, sem og réttur hinna ríkjanna sem eru aðilar að samningnum. Er það öfugt við það sem Gro Harlem Brundtland og fleiri norskir stjórnmalamenn sögðu þegar Noregur gekk í EES, það er að landið hefði að sjálfsgöðu neitunarvald gagnvart þeim þáttum sem ekki voru taldir

hagkvæmir. Það er sem sagt tilskipunin í þessu formi sem nú er verið að innleiða hér á landi, samkvæmt því hefðbundna ferli stjórnsýslunnar sem við lýði hefur verið.

## Þjónustutillskipunin heftir frelsi almannaðjónustunnar

Efnistöð þjónustutillskipunarinnar eru byltingarkennd meðal tilskipana ESB, að því leyti að hún tekur ekki til afmarkaðra sviða eða atvinnugreina, heldur nær til allrar þjónustu. Öll þjónusta fellur undir tilskipunina, nema hún sé sérstaklega undanþegin. Hér er í raun og veru verið að setja í framkvæmd einn hinna fjögurra hornsteina ESB, frelsi til að veita þjónustu. Um leið takmarkar þetta „þjónustufrelsi“ frelsi aðildarríkjanna til að skipa sínum málum eftir eigin höfði.

Þó svo það hafi tekist að flytja þá þætti almannaðjónustunnar sem átti að setja undir þjónustutillskipunina, eins og heilbrigðisþjónustu og hluta af félagsþjónustunni, að nafninu til út fyrir ramma hennar, er þjörninn enn ekki unninn. Sá hluti almannaðjónustu sem ESB kallar „services of general interest“ (SGI eða NESGI) og er skilgreindur sem almannaðjónusta sem ekki er tekið gjald fyrir, er undanþegin tilskipuninni. Hinn hlutinn (SEGI), þ.e. opinber almannaðjónusta sem gjald er tekið fyrir, beint eða óbeint, fellur undir tilskipunina, en er þó undanskilin sumum ákvæðum (gr. 16). Skiptingin milli þessara flokka er hins vegar óljós og það hefur verið hlutverk Evrópudómstólsins (ECJ) að draga línuna, í hverju einstöku tilviki sem upp kemur.

## Skipulag og framkvæmd almannaðjónustunnar mikilvæg

Það skiptir miklu máli hvernig stjórnvöld einstakra ríkja skilgreina almannaðjónustuna og hvernig henni er hagað, þegar meta á hvort hún fellur undir þjónustutillskipunina og þar með markaðslögmálin. Að nafninu til hafa stjórnvöld „fullt frelsi“ til að skilgreina þjónustu sem almannaðjónusta. Það „frelsi“ verður hins vegar að vera í samræmi við lög ESB, ákvæði um fjórfrelsið og dóma ECJ og er því skilyrt. Það ríkir því óvissa hvar draga má mörkin. Þannig telur Evrópusamband kennarafélaga (ETUCE) að óvissa ríki um hvað af menntakerfinu má flokka undir SGI og hvað undir SGEI. Og í handbók ESB um innleiðingu tilskipunarinnar segir að það sé ómögulegt fyrir einstaka ríki að skilgreina alla þjónustu á einhverju sérstöku sviði, eins og t.d. menntageiranum, sem NSGEI. Það er með öðrum orðið gengið út frá því að hluti af menntakerfinu sem og önnur svið almannaðjónustunnar verði skilgreint sem markaðsþjónusta og falli því undir tilskipunina.

Þá getur það einnig skipt máli hvernig hin opinbera almannaðjónusta er skipulögð og útfærð. Þannig kemur það fram í einni af sex skýrslum sem ríkisstjórn Noregs lét vinna til að meta áhrif þjónustutillskipunarinnar í Noregi, að sumir meti stöðuna þannig að ef að peningar til almannaðjónustu eru beint tengdir notanda, t.d. ef háskóli fær framlag frá ríkinu í samræmi við fjölda útskrifaðra nemenda og sama á við um sjúklinga á sjúkrahúsum, að þá opni það dyrnar fyrir kröfu-

gerð einkafyrirtækja í sömu greinum, til að krefjast sömu framlaga frá hinu opinbera. Það mun auðvitað hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir hina opinberu almannaðjónustu.

## Almannaðjónustan undanskilin, eða hvað?

Þó svo oft sé látið í veðri vaka að tekist hafi að koma almannaðjónustunni undan ákvæðum þjónustutillskipunarinnar, þá ríkir þar m.ö.o. enn mikill vafi. Það á jafnvel við þá almannaðjónustu sem tilgreind er í sjálfri tilskipuninni sem undanþegin henni eins og félagsþjónusta og heilbrigðisþjónusta. Óvissan liggur í orðalagi, afmörkunum og skilgreiningum í tilskipuninni. Þannig er félagsþjónustan einungis undanskilin á þremur sviðum og tilgreint að hér sé um aðstoð frá ríkinu (the State) að ræða; upptalningin varðar - félagslegt húsnæði, - umönnun barna og - stuðning við fjölskyldur eða einstaklinga „í nauðum“ (in need).

Ef að skilningur EPSU (European Federation of Public Service Unions) á þessari grein er réttur, þ.e. að það sé vafamál hvort það er eingöngu félagsþjónusta á vegum ríkisins sem er undanskilin þjónustutillskipuninni og/eða þá sú þjónusta sem er eingöngu ætluð fólki sem skilgreint er sem „í nauðum“ (eða „in need“), að þá er það ekki ásætlanlegt frá sjónarhóli BSRB.

Umönnun barna og vistun á Íslandi á vegum opinberra aðila er ekki bundin við „þurfandi einstaklinga“ og því þarf að ganga úr skugga um hvaða skilningur er réttur. Þó svo að leyfður hafi verið rekstur stöku barnaheimila í höndum einkaaðila, þá stendur eflaust ekki til af hálfu menntamálaráðuneytisins að efna til opins samkeppnismarkaðs á þessu sviði með þátttöku erlendra samkeppnisaðila. Dagvistun á Íslandi er á vegum sveitarfélaga og hún sem ýmis önnur umönnun barna á vegum hins opinbera hefur ýmis önnur almenn félagsleg, menntunarleg og menningarleg markmið önnur en þau að koma á móts við þarfir þeirra sem hallast standa fæti í þjóðfélaginu. Má þar nefna markmið í sambandi við jafnrétti kynjanna og í tengslum við atvinnustefnu og er því ekki rétt að setja þá þjónustu á óheftan samkeppnismarkað. Þannig að hér þarf að fá nánari skýringar.

Það var mikið barist með margvíslegum rökum gegn því að heilbrigðisþjónusta yrði felld undir þjónustutillskipunina. Og þegar ákvæði 2. (f) er skoðað má ætla að það hafi tekist að fullu. (gr. 2. Scope. (f) *healthcare services whether or not they are provided via healthcare facilities, and regardless of the ways in which they are organised and financed at national level or whether they are public or private;*) En þegar grein 22 í formála er hins vegar lesin sést við hvaða skilgreiningu á heilbrigðisþjónustu sem undanskilin er þjónustutillskipuninni, er átt. Aðeins er átt við þær heilbrigðisstéttir sem hafa fagbundið (einka-) leyfi til starfa í því landi sem þjónustan er veitt. Það á væntanlega við um stéttir eins og lækna og hjúkrunarfræðinga og aðrar lögverndaðar stéttir. Aðrar stéttir innan heilbrigðisgeirans eru ekki undanskildar ákvæðum þjónustutillskipunarinnar. Það þýddi til dæmis að opinn samkeppnismarkaður ríkir í störfum í heilbrigðisgeiranum sem unnin eru af þeim sem ekki eru í lögvernd-

*uðu starfi. Og samkvæmt handbók framkvæmdastjórnar ESB er hér aðeins átt við þjónustu þessara stétta við sjúklingana sjálfa. Öll þjónusta önnur í heilbrigðiskerfinu sem viðkemur öðrum þáttum en sjúklingunum beint, svo sem bókhaldsþjónusta, ræstingar, stjórnsýsla, viðhald búnaðar og húsa og starfsemi rannsóknarstöðva fellur hins vegar undir þjónustutilskipunina. Sama á við endurbæfingarstöðvar og aðrar stöðvar sem stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum, líkamsræktarstöðvar, sundlaugar o.fl. Þessi þjónusta á eingöngu að vera á markaði skv. þjónustutilskipuninni. Það má eflaust láta á það reyna í samninga- viðræðum hvort þessi skilningur er meitlaður í stein.*

## Tengsl við aðrar tilskipanir og lög

Þjónustutilskipunin er því yfirgripsmikil og túlkun hennar flókin og því gildir hið sama um innleiðingu hennar. Flækjustigið magnast hins vegar enn þegar haft er í huga að meta þarf áhrif þjónustutilskipunarinnar með hliðsjón af öðrum tilskipunum, eins og tilskipuninni um útsent starfsfólk, (96/71/EC), af reglum um ríkisaðstoð, reglum ESB um „PPP“ eða samstarf opinberra og einkaaðila og samkeppnislögum. Allt hefur þetta áhrif hvert á annað. Tilskipunin um útsent starfsfólk var upphaflega hugsuð sem trygging fyrir lágmarkskörum þess starfsfólks sem fór á milli landa á vegum þjónustufyrirtækja – og hér er vert að hafa í huga að hugtakið „þjónusta“ hefur aukist mjög að vöxtum síðustu ár og rúmar nú hvers konar framkvæmdir og annað. Slíkt starfsfólk er því t.d. bæði að finna í heilbrigðisgeiranum og byggingariðnaði. Með tilkomu þjónustutilskipunarinnar hefur því verið haldið fram að tilgangi tilskipunarinnar um útsent starfsfólk hafi verið snúið á haus og núna séu lágmarksákvæðin orðin að hámarksákvæðum, þ.e. að ákvæði um lágmarkslaun séu í raun ákvæði um hvað þjónustuaðilar telji sér skylt að greiða. Á þetta hefur t.d. reynt í Laval-málinu í Svíþjóð og fleirum. Þar kvað Evrópudómstóllinn upp úr með að lettnesku verktakafyrirtæki væri heimilt að greiða langt undir lágmarkslaunum sem stéttarfélög höfðu samið um, þar sem sænska ríkið hefði ekki innleitt tilskipunina um útsent starfsfólk með fullnægjandi hætti. Þá er meðal athyglisverðra atriða í dómsúrskurðinum að viðurkennt er að vinnubann sænsku verkalýðsfélaganna á Laval teljist vörn fyrir hagsmuni verkamanna en það telst hins vegar ekki fullnægja kröfunni um „mikilsverða almannahagsmuni“ (overriding reasons of public interest.) Eftirtektarvert er að nákvæmlega sama orðalag er að finna í þjónustutilskipuninni sem eitt skilyrði fyrir því að ríki geti takmarkað réttindi þjónustufyrirtækja. Evrópudómstóllinn hefur fellt fleiri dóma í svipaða veru á síðustu misserum eins og Viking og Ruffert-dómanna. Í báðum tilfellum vikur dómurinn til hliðar mikilvægum hefðum, réttindum og lögum til þess að brjóta fjórfrelsinu, eins og dómstóllinn hefur ákveðið að túlka það, leið.

Nú hefur Evrópuþingið farið fram á það við framkvæmdastjórn ESB að gerð verði könnun á högum þess starfsfólks í Evrópu sem á laun sín og réttindi undir tilskipuninni um útsent starfsfólk. Sú vinna er rétt að hefjast og strax deilt um innihald og umfang rannsóknarinnar. Niðurstaðan kann hins vegar að leiða til breytinga á tilskipuninni um útsent starfsfólk, sem hefur aftur afleiðingar fyrir áhrif þjónustutilskipunarinnar.

## Innleiðingarferlið og staða þess

Hér heima gengur innleiðing fremur hægt. Tilskipanir ESB fara í hefðbundinn embættismannafarveg eftir að þær eru gefnar út og er það sameiginlega EES-nefndin sem tekur ákvarðanir um hvort slíkar tilskipanir ESB séu EES-tækar og eigi að taka upp í lögum EES-landanna. Í þeirri nefnd, sem hittist mánaðarlega, sitja sendiherrar EFTA-ríkjanna og fulltrúar ESB, auk þess sem Eftirlitsstofnun EFTA og Fjárfestingabanki Evrópu mega hafa áheyrnarfulltrúa. Fundir nefndarinnar eru lokaðir. Þá eru starfandi fjórar undirnefndir með fulltrúum beggja aðila, sem undirbúa ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar. Samkvæmt fréttum hafði sendiherra Íslands skrifað upp á upptöku tilskipunarinnar áður en Ögmundur Jónasson stoppaði ferlið tímabundið svo tækifæri gæfist til að vinna málið betur.

Tilskipanir ESB gefa yfirleitt þeim þjóðum sem hlut eiga að máli nokkuð svigrúm um með hvaða hætti tilskipanirnar eru innleiddar í lög viðkomandi lands. Hins vegar beita löndin ólíkum aðferðum við slíkar innleiðingar, mörg líta á innleiðingu sem „einkamál“ stjórnsýslunnar“ og það sé tæknilegt úrlausnarefni ráðuneyta að yfirfara og aðlaga eldri lög tilskipuninni. Önnur ríki, sérstaklega þegar um flóknari og yfirgripsmeiri tilskipanir er að ræða eins og þjónustutilskipunina, og sérstaklega þegar ágreiningur hefur verið uppi um innhald og túlkanir á ákvæðum hennar, freista þess að ná sátt um málið með viðtæku og nánú samráði við hagsmunaaðila og aðra er gætu lagt gagnleg innlegg í umræðuna. Áframhaldandi umræða um málið er því hluti innleiðingarinnar.

Utanríkisráðuneytið hafði í upphafi forræði í málinu, frá því þjónustutilskipunin var samþykkt og leiddi undirbúningsvinnu að innleiðingu hennar.

Þó svo að utanríkisráðuneytið hafi beitt sér fyrir vissu samráði við hagsmunaaðila, verður ekki annað sagt en að það hefði mátt vera nánara og að ráðuneytið, með hliðsjón af umfangi tilskipunarinnar, hefði mátt efna til opnari og gagnrýnni umræðu. Af því hefur þó ekki orðið. Þar að auki ákvað fyrri ríkisstjórn sl. vor að skipta um hest í miðri á og færa forræði málsins frá utanríkisráðuneyti yfir til viðskiptaráðuneytis. Síðan þá hefur ekki verið boðað til frekari samráðsfunda við hagsmunaaðila og eftir mínum upplýsingum takmarkaðist vinna viðskiptaráðuneytisins við að setja sig inn í málið og biðja önnur ráðuneyti að yfirfara löggjöf á sínu sviði, með tilliti til væntanlegra breytinga. Vinna við innleiðinguna mun síðan hafa legið niðri að mestu eftir fall bankanna í október og alveg þar til í byrjun aprílmánaðar.

Óljóst er hvornig vinnu við svokallaða upplýsingamiðstöð (Single Point of Contact) miðar, en samkvæmt tilskipuninni er gert ráð fyrir að ríki komi upp slíkri upplýsingaveitu þar sem erlendir þjónustuaðilar geta leitað allra upplýsinga varðandi fyrirhuguð umsvif þeirra í landinu. Á síðasta samráðsfundi sem haldinn var annan júní í fyrra, lýsti forsætisráðuneytið yfir miklum áhyggjum yfir hvornig fjármagna ætti þá vinnu sem fyrir höndum var og sá ekki fram á nauðsynlegar fjárveitingar. Síðan þá hefur kreppan skolið á og heimasíðunni island.is sem átti að gegna þessu hlutverki, var breytt í upplýsingasíðu um kreppuna og viðbrögð við henni.

## Óeðlilegt ef ekki væri dokað við

Að öllu framansögðu er að mínu mati alls ekki óeðlilegt en að ný ríkisstjórn vilji doka við og skoða allar hliðar málsins. Það kann að vera að þeim, sem eru vanir sjálfvirkri afgreiðslu mála undir handleiðslu vel launaðra embættismanna sem fáa vilja stýggja, þyki það óvenjulegur framgangsmáti. En í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið í heiminum síðustu mánuði, hinnar alþjóðlegu kreppu sem á sínar rætur í þeim sömu pólitísku gildum sem m.a. annars skópu þjónustutílskipunina og sæta nú harðri en réttmætri gagnrýni, þá væri óeðlilegt annað en að hlutirnir væru teknir til endurskoðunar.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar á hún að taka gildi 28. desember 2009. En að öllu samanteknu hefði það mátt teljast óeðlilegt ef Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefði ekki dokað ögn við og ekki kæmi mér á óvart þó svo gildistöku þjónustutílskipunarinnar yrði seinkað. Hitt er svo annað mál, að ef svo fer að Ísland gengur í ESB þá eru engir valkostir lengur í stöðunni, þá verður allt tilskipana- og regluverk ESB tekið upp án undanbragða, nema þá takist í upphafi að semja um undanþágur til skemmri tíma eða lengri.

*Páll H. Hannesson  
Alþjóðafulltrúi BSRB*



### STYRKARSJÓÐUR BSRB

## Fæðingarstyrkur

Félagsmenn sem hafa verið starfandi síðustu 6 mánuði fyrir fæðingu barns og eru í starfi við upphaf fæðingarorlofs eiga rétt á fæðingarstyrk frá Styrktarsjóði BSRB.

## Úr kjarasamningi

### Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindunum nemur, ekki til orlofs, enda tilkynni starfsmaður um veikindin og sendi læknavottorð sem sanni að hann

geti ekki notið orlofsins vegna veikindanna. Hvort tveggja skal gert án ástæðulausrar tafar.

Starfsmaður sem veikist erlendis verður að vera við því búinn að sanna veikindi sín með erlendu læknavottorði.

Uppbótarorlof skal veitt eftir því sem kostur er, á þeim tíma sem starfsmaður óskar, á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

### Frestun orlofs

Ef starfsmaður tekur ekki það viðbótarorlof eitthvert ár, sem hann kann að eiga,

samkvæmt ósk yfirmanns, og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman viðbótarorlof þess árs við orlof næsta árs til orlofstöku síðara árið. Yfirmanni ber skylda til að skipuleggja orlofstöku með starfsmanni þannig að hið frestaða orlof nýtist.



# Fjárhagsvandi heimilanna – Hvaða úrræði eru í boði?



Fjárhagsstaða heimilanna hefur farið hríðversnandi í kjölfar efnahagskreppunnar. Alvarlegastur er vandinn hjá þeim sem glíma við miklar skuldir og þrönga eiginfjárstöðu samhliða kjarskerðingu eða atvinnumissi. Um 20% heimila eru með neikvæða eiginfjárstöðu og önnur 20% eru með afar takmarkaða eiginfjárstöðu (minna en 5 milljónir króna). Stærstur hluti skuldanna eru húsnæðisskuldir en búast má við að skuldir vegna bílalána, námslána, yfirdráttar og annarra skammtímaskulda séu einnig háar.

Að undanfögnu hefur mikið verið fjallað um lausnir á greiðsluvanda heimilanna og ótal tillögur verið nefndar. Slík umfjöllun hefur orðið til þess að margir halda að sér höndunum og bíða í þeirri von að einhverjar af tillögunum verði að veruleika. Hver vill ekki niðurfellingar

skulda eða leiðréttingar á þeim? Fæstum finnst sanngjarnt að afleiðingar bankakreppunnar komi af fullum þunga niður á almennum lántakendum þar sem upphaflegar forsendur fyrir lánunum eru brostnar. Minna hefur verið fjallað um þau raunverulegu úrræði sem eru í boði fyrir heimili í fjárhagsvanda. Fólk ætti ekki að bíða öllu lengur heldur taka strax á greiðsluvanda sínum. Hafa ber í huga að hlutirnir hafa ekki tilhneigingu til að lagast af sjálfu sér og þau úrræði sem eru í boði miðast við að fólk beri sig sjálf eftir björginni.

Meginvandi lántakanda er of há greiðslubyrði lána sem margir geta ekki að óbreyttu staðið undir. Aðgerðir sem stjórnvöld hafa sett fram miða að því að gera heimilum kleift að halda út þangað til aðstæður í þjóðfélaginu verði betri. Hvað varðar ágæti þessara aðgerða sem í

boði eru má benda á að Neytendasamtökin telja að öll þau úrræði sem komið hafa fram undanfarna mánuði opni lántakendum leiðir til að standa í skilum og ná stöðugleika á ný. Hér verður stiklað á stóru um hvert skal leita og hvaða úrræði eru í boði í þeirri von að þau nýtist fólki í greiðsluvanda.

## Hver er fjárhagsstaðan?

Fólk sem hefur fjárhagsáhyggjur eða sér fram á að lenda í greiðsluerfiðleikum þarf að kortleggja stöðuna til að sjá hversu umfangsmikill vandinn er. Lausn á vandandum getur í sumum tilvikum falist í breyttu neyslumynstri og að draga úr útgjöldum tímabundið. Í öðrum tilvikum getur verið nauðsynlegt að endurskipuleggja fjármál heimilisins í heild sinni. Til þess að kortleggja fjárhagsstöðu heimilisins er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir raunverulegum útgjöldum heimilisins og hvaða tekjur heimilið hefur til að standa undir þeim. Til að auðvelda þetta er t.d. hægt að nýta sér heimilisbókhald sem nálgast má á heimasíðu Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, [www.fjolskylda.is](http://www.fjolskylda.is)

## Hvert á að leita?

Sé heimilið nú þegar komið í greiðsluvanda eða ef útlit er fyrir að svo muni verða á komandi mánuðum er mikilvægt að leita aðstoðar nú þegar út úr þeim vanda.

**Viðskiptabankar og fjármálastofnanir:** Allir bankar og fjármálastofnanir bjóða upp á bæði ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við greiðsluerfiðleika lántakenda. Ýmsar lausnir eru í boði bæði til að hagræða í fjármálum og til að komast í gegnum tímabundin greiðsluvandræði. Þjónustufulltrúar og fjármálaráðgjafar í bönkum veita þessa aðstoð og þarf ekki að pantast viðtal heldur mæta í bankann. Hafa skal í huga að þær lausnir sem eru í boði fara eftir aðstæðum hvers og eins. Ávallt skal spyrja bæði um kosti og galla aðgerða til lengri tíma.

Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna veitir fólki sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum bæði upplýsingar og ráðgjöf þeim að kostnaðarlausu. Ráðgjafarstofan

aðstoðar fólk við að fá yfirsýn yfir stöðu mála, hjálpa því við að gera greiðsluáætlanir, velja úrræði og hafa milligöngu um samninga við lánardrottna ef þess er þörf. Starfsstöðvar eru að Hverfisgötu 6 og við Sóltún 26. Opíð er alla daga frá kl. 9.00-16.00. Tímapantanir eru í síma 551-4485. Netfang: rad@rad.is. Vefslóð: <http://www.fjolskylda.is>

Íbúðalánasjóður býður upp á ráðgjöf um lán sem sjóðurinn veitir. Greiðsluvandaúrræði íbúðalánasjóðs hafa verið eflað og samkomulag gert við aðrar fjármálastofnanir um að sömu úrræði gildi þar einnig. Um er að ræða skuldbreytingalán og lánalengingar um 30 ár í stað 15 áður. Heimild til að greiða bara vexti og verðbætur af vöxtum og frysta höfuðstól í allt að þrjú ár. Heimild er jafnframt fyrir því að frysta afborganir í allt að þrjú ár. Sjóðurinn hefur heimild til að leigja fyrri eigendum húsnæði sem sjóðurinn eignast á uppboðum.

## Dæmi um lausnir sem eru í boði

Margvíslegar lausnir eru í boði og fara eftir aðstæðum hvers og eins.

**Frysting og greiðslujöfnun erlendra gengisbundinna lána:** Lausn sem lækkar og jafnar greiðslubyrðina um 40%-50%. Leita skal til viðkomandi lánastofnunar.

**Greiðslujöfnun verðtryggðra lána:** Lausn sem getur lækkað greiðslubyrði um 10-20%. Leita skal til viðkomandi lánastofnunar.

**Greiðsluádlögungun:** Lausn fyrir þá sem eru komnir í fjárhagslegt þrot. Gerir þeim sem eru ófærir um að standa í skilum með skuldbindingar sínar til langframa kleift að gera nauðasamning til greiðsluádlögunar við kröfuhafa sína með aðstoð umsjónarmanns. Beiðni þarf að berast til héraðsdóms þar sem umsækjandi á lögheimili. Ráðgjafastofa aðstoðar við úfyllingu beiðninnar án endurgjalds en aðrir aðilar geta einnig aðstoðað. Hægt er að kveða á um algjöra eftirgjöf skulda, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest þeirra, breytt form á greiðslu, greiðslu með hlutdeild í afborgunarfjárhæð í einu lagi eða með með ákveðnu millibili.

**Skuldbreyting lána:** Lausn sem felst t.d. í lengingu lána en við það lækkar mánaðarleg greiðslubyrði. Einnig er hægt að hagræða með því að sameina skammtímalán við lengingu lána. Leita skal til viðkomandi lánastofnunar.

**Séreignasparnaður:** Lausn fyrir þá sem eiga frjálsan séreignarsparnað en nú geta þeir leyst út allt að 1 milljón kr. samkvæmt umsókn til vörsluaðila á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. október 2010. Fjárhæðin greiðist út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum, að frádreginni staðgreiðslu opinberra gjalda, í nýu mánuði frá því að beiðni um útgreiðslu er lögð fram hjá vörsluaðila. Leita skal til vörsluaðila.

**Skilmálabreytingar bílasamninga:** Lausn sem felst í lækkun á leigugreiðslu bílasamninga í erlendri mynt. Flest fjármögnunarfyrirtæki veita heimildir til frestunar á afborgunum af höfuðstóli erlendra lána tímabundið í þeirri von að gengi krónunnar styrkist á ný og afborganir lækki. Í flestum tilvikum greiða lántakendur þá aðeins vexti af láninu á gjalddaga en upphæð höfuðstólsins í erlendri mynt helst óbreytt á meðan. Leita skal til viðkomandi lánveitenda.

## Frekari upplýsingar er einnig að finna hjá eftirfarandi aðilum:

Upplýsingavefur forsætisráðuneytisins veitir upplýsingar og leiðarvísi um opinbera þjónustu vegna efnahagsvandans. [island.is](http://island.is)

Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna. [fjolskylda.is](http://fjolskylda.is)

Leiðarkerfi neytenda. [neytandi.is](http://neytandi.is)

Neytendasamtökin. [ns.is](http://ns.is)

Vinnuálastofnun fer m.a. með yfirstjórn vinnuáætlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysis-tryggingasjóðs. [vinnuálastofnun.is](http://vinnuálastofnun.is)

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir fjárhagsaðstoð til þeirra sem hafa tekjur og eignir undir ákveðnum viðmiðunarmörkum og er hún veitt þeim sem ekki geta séð sér og sínum farborða án aðstoðar. Aðstoðin er óháð barnafjölda og kostnaði vegna húsnæðis. Einnig er hægt að sækja um húsaleigubætur, félagslegar leiguíbúðir og önnur félagsleg úrræði. [www.velferðarsvið.is](http://www.velferðarsvið.is)

*Ragnhildur Helgadóttir*



# Fjöldmenni á baráttufundinum á Austurvelli 1. maí



Fjöldmenni var í kröfugöngu sem fór frá Hlemmi niður á Austurvöll og svo í framhaldinu á útifundinum. Ræðumenn á fundinum voru Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ, Þórveig Þormóðsdóttir formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins og Stefán Rafn Sigurbjörnsson formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanema. 200.000 Naglbítar, Lúðrasveit verkalýðsins og Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar fluttu tónlist.



„ Á undanförunum árum höfum við orðið vitni að óheftri græðgi ákveðinna aðila í samfélaginu sem að lokum leiddi til hruns efnahagslífsins. Á þeim tíma jókst óréttlætið í þjóðfélaginu, launabilið varð að gjá og launamisrétti kynjanna hefur ekki verið meira í langan tíma. Nú þegar taka þarf til hendinni og hreinsa upp er mikilvægt að þeir sem sátu eftir á „góðæristímanum“ svokallaða verði ekki látnir moka flórinna eftir fjárglæframennina,” sagði Þórveig Þormóðsdóttir formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins m.a. í ræðu sinni á Austurvelli í dag.



Að loknum baráttufundinum á Austurvelli var 1. maí kaffi í BSRB - húsinu og að venju var fullt út úr dyrum.

# Vinnustaðaheimsókn

## Byggðasafnið að Görðum á Akranesi



Fréttabréfið heimsótti að þessu sinni þá Guttorm Jónsson og Jón Allansson sem hafa báðir starfað lengi á byggðasafninu. Guttormur eða Gutti eins og hann er oftast kallaður hefur starfað á safninu í 28 ár. Hann var reyndar að láta af störfum deginum áður, en lét ekki á sér standa að hitta Fréttabréfið. Jón hefur starfað á safninu í 13 ár. Þeir segja mér að safnið hafi verið opnað 13. desember 1959, þannig að það verður 50 ára á þessu ári.

Á þessum merku tímamótum eru bæjar- yfirvöld á Akranesi að fhuigi breytingar á rekstrarfyrirkomulagi. Sú hugmynd hefur mætt mikilli andstöðu bæði bæjar- búa og margra sem láta sér annnt um vörslu menningarlegra minja.

Fyrir skömmu var málið borið upp á bæjarstjórnarfundum, en málinu lyktaði á þann hátt að ákvæðið var að fresta málinu. Áður en slík ákvörðun er tekin þurfa að liggja fyrir umsagnir ýmissa aðila því hér er verið að fjalla um minjar sem er hluti af arfi íslensku þjóðarinnar. Þar sem safnið samanstendur bæði af fornminnum og steinasafni þarf umsagnir frá mörgum aðilum segja þeir mér. Það er Menntamálaráðuneyti, Safnaráði, Þjóðminjaverði, Félagi íslenskra safnvarða og Náttúrufræðistofnun.

Marie Buttler kemur með kaffi og kleinur til okkar, hún sér um kaffistofuna. Hún hlær þegar hún segir mér hvað hún heitir segir að eftirnafnið passi algjörlega

fyrir starfið. Marie er frá Bretlandi en hefur búíð á Akranesi í 13 ár og vill hvergi annars staðar búa. Marie segir mér að hún kenni magadans á kvöldin og það sé nóg að gera í því á Akranesi.

Á meðan á heimsókn minni stendur kemur stór barnahópur í heimsókn ásamt starfsfólki af leikskólanum þeirra. Jón hverfur með þeim og sýnir þeim safnið af miklum áhuga. Börnin eru áhugasöm að fara í þann hluta safnsins sem er íþróttasafn. Gutti segir mér að Jón sé alveg frábær að sýna börnum safnið.

Hvernig líst Gutta á það að láta af störfum?

Ég var fyrir löngu búinn að ákveða að hætta þennan dag, segir hann, 13. maí kl. 13.13, það var tíminn sem ég stimplaði mig út. Ég spyr af hverju allt þetta 13, margir telja 13 vera óhapparölu, nei Gutti vill ekki meina það hann segir mér frá því að hann hafi verið alinn upp í Laugardalnum við Þvottarlaugarblett 13, líklega sé það þess vegna sem 13 hefur alltaf verið talan hans. Hann segir mér að hann viti að hann eigi eftir að hugsa oft til vinnunnar svona til þess að byrja með. Hann er strax farinn að muna eftir ýmsu sem honum finnst að þurfi að gera, verkefni sem ég komst ekki í að klára. En þegar ég er búinn að sinna þeim fjölmörgu verkefnum sem ég hef verið að bíða með heima hjá mér eins og að taka til í geymslunni og gera við ýmislegt þá ætla ég að halda áfram að vinna við skúlptúra sem ég hef unnið við meðfram vinnu.

Gutti fer með mér um allt safnið og það er gaman að finna hvað honum þykir vænt um það. Hann segir mér hvernig hann og þeir á safninu hafi leyst ýmislegt með mikilli hugkvæmni.

Ég þakka þessu frábæra starfsfólki fyrir góðar móttökur og óska þeim vel- farnaðar bæði í starfi og utan þess.

J.P.



# Smásagnasamkeppni félagsmanna

Ritnefnd St.Rv stendur nú fyrir smásagnasamkeppni meðal félagsmanna. Nú er tækifæri fyrir þá sem luma á sögu en hafa ekki komið henni á framfæri eða þá sem langar að skrifa en hafa ekki komið sér enn af stað. Sagan má vera allt að ein A4 blaðsíða á 11-12 punkta lettri. Verðlaunin fyrir fyrsta sæti er gjafabréf fyrir tvo í leikhús og út að borða.

Í dómnefnd sitja þau Davíð Stefánsson rithöfundur, Jónína Óskarsdóttir og Stefán Pálsson, en þau tvö síðarnefndu sitja í ritnefnd félagsins.

Skilafrestur er til 15. nóvember og eru smásagnaritarar beðnir um að skila sögum inn undir dulnefni en láta rétt nafn, kennitölu og síma fylgja með í lokuðu umslagi.

Umsjónarmaður keppinnar er Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri St.Rv.

Bæði er hægt að senda sögurnar til St.Rv. í pósti eða á netfang.

Netfangið er jakobina@strv.bsrb.is og póstfangið er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, B.t. Jakobína Þórðardóttir, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar og frekari ráðleggingar ef á þarf að halda veitir Jakobína í síma 525-8333. Fullum trúnaði er heitið.

St.Rv. áskilur sér rétt til að birta verðlaunasöguna í fréttabréfi félagsins ásamt þeim sögum öðrum sem tilefni þykir til að deila með lesendum. Úrslit verða kynnt í fréttabréfi.

Við bendum á að St.Rv. og SFR hafa staðið fyrir námskeiðum í skapandi skrifum með Þorvaldi Þorsteinssyni sem hafa verið mjög vinsæl og verður námskeið haldið á haustönn.



## Flugávisanir

Flugávisanir með Iceland Express bjóðast félagsmönnum til kaups. Verð til félagsmanna er 12.500,- sem er að verðgildi kr. 20.000. Hver félagsmaður getur keypt að hámarki tvær ávisanir. Gildistími flugávisananna er 2 ár frá útgáfudegi. Ferðaávisanir verða seldar á skrifstofu félagsins að Grettisgötu 89, 3 hæð á meðan birgðir endast.

## Hugmyndahópur félagsmanna

### Hugmyndabanki

Á heimasíðu félagsins [strv.is](http://strv.is) geta félagsmenn komið á framfæri hugmyndum sínum varðandi viðræður á vinnu- markaði um stöðugleikasáttmála. Formaður félagsins, Garðar Hilmarsson er einn af fulltrúum stéttarfélaganna í þessum þríhliða viðræðum milli ríkisstjórnarinnar, verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda. Hann mun nýta sér allar góðar hugmyndir frá félagsmönnum inn í viðræðurnar.

# Bolli án undirskálar

## smásaga

Kötturinn var á einhverjum þvælingi í garðinum og útidyrhurðin opin. Ég var að velta vöngum yfir einhverju smáræði þegar það var bankað og ég heyrði fótatak sem færðist hægt upp stigann. Guðjón stóð í dyragættinni með úttroðinn úlpuvasa. Hann hafði hringt daginn áður og sagt mér að hann væri nýkominn til landsins og að hann væri með sendingu til mín frá Rósu. Guðjón settist í rauða sófann og lét fara vel um sig. Ég minntist þess ekki að hafa boðið honum sæti. Ég spurði hann fréttu af Rósu og hann sagði að þau hefðu oft farið í sund og hún færi létt með að synda 10 km. Hún væri allt önnur í vatni en á landi. Hann lét vel af dvölinni ytra, sundlauginni þar og fjallasýninni og sagðist fara aftur að ári. Á meðan hann talaði, reyndi hann að losa um hlutinn í úlpuvasanum og eftir töluvert brölt kom í ljós bolli sem passar við bollastellið mitt. Það var engin undirskál. - Bolli án undirskálar, hugsaði ég – jæja, hér liggur fiskur undir steini, það er deginum ljósara. Guðjón fráskilinn eina ferðina enn...og ekki er ég gift og hef ekki hugsad mér neitt þvílíkt. Rósa er ábyggilega með eitthvað ráðabrukk... Ég horfði á bollann á meðan ég hugsaði málið. Guðjón ók sér í sætinu og spurði hvort það væri eitthvað að bollanum. Um leið og ég lagði bollann frá mér á sófaborðið sagði ég að það væri allt í lagi með bollann, hún hefði áreiðanlega keypt hann á netinu –Nú, sagði hann hikandi, ég hélt að hún hefði keypt hann í Noregi. –Einmitt, svaraði ég og spurði hvort hann vildi te. Guðjón hagræddi sér enn betur í sófanum setti púða við bakið og spennti greipar á framstæðum maganum. Ég tók eftir því að hann er með óvenju stutta fingur. Ég setti vatn í ketilinn og tók fram poka af melrósa. Ég rétti Guðjóni tebollann

og hann sötraði teið af áfergi. –Mikið er þetta gott te, sagði hann og gaut á mig hornauga, dálítið undirleit. –Nú, svaraði ég hissa. Guðjón hresstist verulega við sopann og malaði viðstöðulaust um áhugamál sitt, vélfræði. Ég leit laumulega á úrið mitt en rak þá augun óvart í skóna hans. Þeir voru ákaflega vel burstaðir, en mjög nettir. Ég get ekki hugsad mér að eyða lífinu með manni með smáa fætur. Skyndilega tók ég eftir því að það var þögn. Guðjón var hættur að tala. Hann horfði á mig eins og honum væri illt. – Er eitthvað að? Spurði ég. –Nei...svaraði hann dræmt... en ég er reyndar veikur og er að bíða eftir því að fara í uppskurð.- Ég reyndi að setja upp áhugasaman samúðarsvip, þeir karlmenn sem ég hef kynnst og eru óskyldir mér eru allir meira eða minna lasnir.

Guðjón ók sér í sófanum og horfði upp í loftið. Hann sagðist vera að fara í brotnám á gallblöðru. – En það er enginn uppskurður, sagði ég, bara smávægileg speglun. Um leið og ég slegpti orðinu sá ég eftir því. Munnvikinn skulfu lítið eitt um leið og hann leit ásakandi á mig. Ég flýtti mér að spyrja hvort honum væri búíð að líða mjög illa, hvort hann væri kvalinn? Það hýrnaði heldur yfir honum aftur og hann sagði að sér hefði oft liðið illa, eiginlega liðið óbærilegar kvalir, sérstaklega eftir að hafa látið ofan í sig sterkt te. Um leið og hann sagði þetta kom eitthvað fát á hann og hann dró, eins og af rælni, græna kortið úr jakkavasa sínum. –Þú hefur aldrei tekið bílpróf, ha, ha, ha, þessvegna ertu með græna strætókortið...ha, ha,hí, hrópaði ég hressilega, fegin að hafa ástæðu til að skipta um umræðuefni. Guðjón stakk græna kortinu yfirvegað í vasann og svaraði að það

væri alveg rétt, hann hefði aldrei tekið bílpróf og myndi ekki fást um það, úr því sem komið væri. Aftur á móti væri hann yfirleitt með rauða kortið, það væri ódýrara og á allan hátt praktískara þar sem það entist í 3 mánuði en græna kortið aðeins í einn.-

Mér fannst eðlilegra að fá mér græna kortið núna vegna þess að þeir kalla mig á spítalann hvenær sem er og eftir aðgerðina þarf ég að hvíla mig og þá er alls ekki skynsamlegt að vera með rauða kortið. Ég get ekki notað það ef ég fer ekkert og til hvers að eyða stórfé í þannig lagað, ha? Ég hlustaði af athygli og hugsaði að hér væri komin skýringin á þessum viðstöðulausu skilnuðum. Engin almennileg manneskja þolir svona nánasarlugar bollaleggingar. Ég geispaði og þóttist ekki taka eftir því að Guðjón starði ofan í tebollann eins og hissa á að teið væri búíð. Ég geispaði hátt og langdregið og þóttist um leið kæfa geispann. Guðjón stóð vandræðalega upp úr sófanum og rölti eins og með hálfum huga að stiganum, sagði lágt að það væri best að fara að koma sér, það væri bunki af ólesnum vélfræðibókmenntum á náttborðinu hans. Ég þakkaði honum fyrir að vera að sendast þetta með bollann fyrir Rósu og bað hann að vara sig á skótauinu í stiganum. Margir, sérstaklega lasburða karlmenn á miðjum aldri, og sumir þeirra óboðnir, höfðu hrasað og endasent niður stigann og mesta furða að enginn hafði hálsbrotnað hingað til. Ég vomaði yfir honum í efsta stigaprepinu meðan hann fetaði sig niður og um leið og hann tók í snerilinn á útidyrhurðinni hrópaði ég ögrandi – já, varaðu þig nú, það er líka hált á gangstéttinni! Í þessu húsi er alltaf slæðingur af stórhættulegu skótau í stiganum og gangstéttin er meira og minna hál fyrir utan að vera mishæðótt! Ef fólk er að væflast þetta um í myrkriinu lasið og slappst getur farið illa fyrir því...! hrópaði ég um leið og ég skellti aftur útidyrhurðinni.

*Oddur bókaevörður*



# Fjallhress í sumar með íslenskum grösum og jurtum

Núna þegar vorid er komið með birtu allan sólarhringinn, langar mig til að segja aðeins frá þeim jurtum sem reynst hafa mér vel og auðvelt er að nálgast úti í náttúrunni.

Fjallagrasseyði er minn drykkur þegar slappleyki sækir að eða þegar ég þarf að ná orku. Elsta dóttir mín hefur líka tröllatru á þessu náttúru meðali og þegar álag er hjá henni og ekkert má klikka fær hún sér fjallagrös til að koma í veg fyrir flensur og óáran.

Setjið lúkufylli af fjallagrösom í meðalstóran pott hálffullan af vatni og sjóðið í ca. 20 mínútur. Gott er að anda gufunni djúpt að sér á meðan seyðið sýður. Passið samt að vera ekki of nálægt svo þið brennið ykkur ekki.

Sumum finnst gott að sjóða rúsínur með til að sæta þetta aðeins eða fá sér hunang úti bollann. Fjallagrösín vaxa víða um land en þau leynast oft í skorningum milli þúfna vel falin í mosanum. Best er að tína þau meðan jörðin er rök því þá tætir maður ekki mosann upp með þeim og auðveldara er að hreinsa úr þeim á eftir.

Nú er elftingin að koma upp en hún er mjög kalkrík og fin. Elftinguna á að tína núna fljótlega á meðan hún er nýspröttin.

Hundasúrur sem við tíndum uppí okkur sem krakkar standa alltaf fyrir sínu og ágætt að taka þann sið upp aftur. Arfi og litlu fíflablöðin eru holl og góð og finnast víða.

Blóðberg er í uppáhaldi hjá mér bæði til að horfa á, finna ilminn af og drekka af seyði. Blóðbergið er best að tína snemmsumars stuttu áður en það blómstrar. Best er að hafa skæri til að rífa það ekki upp með rötum. Blóðbergið og aðrar jurtir sem þurrkaðar eru er best að leggja á grysju til að þurrka og síðan geymt í krukku þar til það er notað. Blóðbergs seyði er bragðgott og það er líka gott sem krydd á lambakjöt/timmian.

Njörður P. Njarðvík sem kenndi mér ritlist segir að maður eigi ekki að tala um te heldur seyði af jurtum. Te sé bara það sem hellt er upp á úr telaufum.

Við jurtatínluna úti í náttúrunni er mjög gott að krjúpa á hné og



setja andlitið ofan í mosann og ANDA. Við það skapast náttúrutenging og ilmurinn af jörðinni er góður og róandi.

Hér kemur svo uppskrift af brjóstsykri frá Önnu Ottesen nuddara en í hana eru notuð ekta ilmólía sem hægt er að kaupa í heilsuþúðum: piparmynta 2 dropar, eucalyptus 2 dropar, wintergreen 2 dropar. Setja í hrásýkursmola. Má fá sér X-3 daglega við kvefi.

Hér kemur líka uppskrift að nuddolíu frá Önnu.: Lavender 10 dropar, Sage 10 dropar, Bergamont 10 dropar, Rosmarin 10 dropar í 100 ml. af góðri ólífuolíu. Gott til að nudda á húðina eftir það eða dekra heimilisfólkið með axlanuddi.

Ekki þarf að eiga allar þessar olíur heldur er hægt er að nota eitthvað af þeim.

Fótabað getur verið ótrúlega yndislegt í fati eða hárrí fötu með góðu plássi fyrir fæturna. Setja ½ bolla af mjólk og 2 mtsk. af góðri olíu út í heitt vatnið og fæturnir verða mýkri en nokkur tíma. Gott getur verið að setja ávala fjörusteina ofan í fatið til að nudda fæturna við meðan á fótabaði stendur.

Þar sem undirrituð er bókavörður af lífi og sál langar mig að lokum að benda á nokkrar bækur.

Íslenskar lækningajurtir eftir Arnbjörgu Lindu Jóhannsdóttur er aðgengileg bók. Villtir matsveppir á Íslandi eftir Ásu Margréti Ásgrímsdóttur og Guðrínu Magnúsdóttur (bókasafnsfræðing á aðalsafni Bbs.) er mjög gott kver og auðvelt að tína sveppi eftir þeirra leiðbeiningum.

Læknisdómar alþýðunnar var heilsuþúðin á mínu heimili þegar ég var að alast upp en í henni segir meðal annars frá töfrum eplaedikis og hunangs fyrir heilsuna.

Njótið sumarsins og munið að það er alls staðar stutt út í náttúruna.

*Jónína Óskarsdóttir bókavörður á Ársafni/Borgarbókasafni*



## Veði í Eyrarvatni



Guðmundur Sigurjónsson starfsmaður Strætó bs hefur í gegn um tíðina stundað töluverða veiði í þeim vötnum sem félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar eiga aðgang að endurgjaldslaut gegn framvísun félagsskrteinis. Hann segist hafa veitt þar vel í gegn um tíðina en veiðin var þó sérlega góð síðastliðið sumar þá var Guðmundur að fá allt upp í 7 punda fisk.

### Söngelsk í BSRB sameinumst!

Búið er að stofna kór BSRB félaga. Þetta er blandaður kór (konur og karlar) og stjórnandi verður Svava Kristín Ingólfssdóttir.

Fyrsta æfing nýja kórsins var fimmtudaginn 16. apríl kl. 20:00, Grettisgötu 89, 1. hæð. Ákveðið hefur verið að æfingar hefjist af krafti aftur í haust. Allir félagar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og öðrum aðildarfélögum BSRB eru hjartanlega velkomnir og hvattir til að mæta.

### Laun lækka hjá Orkuveitunni

Á starfsmannafundi 26. mars greindi forstjóri Orkuveitunnar, Hjörleifur B. Kvaran frá aðhaldsaðgerðum Orkuveitunnar. Þar kom meðal annars fram að laun yfir 300 þúsund krónum munu lækka. Frestað hefur verið þeim launahækkunum sem áttu að koma til félagsmanna 1. mars sl. en það verður endurskoðað í júní. Fram kom að þetta væri tímabundin ákvörðun.



### Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er stéttarfélag

Félagsmenn geta fengið aðstoð og upplýsingar á skrifstofu félagsins um:

- Laun
- Réttindi á vinnustað
- Styrki til menntunar
- Leigu orlofshúsa
- Styrki vegna slysa, veikinda og heilsueflingar
- Fæðingarstyrk
- Námskeið og fyrirlestra
- Réttindi í lífeyrissjóði
- Fréttabréf

Grettisgötu 89, 3. Hæð, Sími 525-8330 – Símbref 525-8339

Útibú Akranesi: Suðurgötu 62, sími 525-8338 / 431-3133

[strv@bsrb.is](mailto:strv@bsrb.is) - [www.strv.is](http://www.strv.is)

### Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Reykjavík's municipal employees' association – is a labor union.

In the association's office, members can get assistance and information about:

- Wages
- Rights in workplace
- Education grants
- Rent of holiday houses
- Grants due to accidents, illnesses or other health matters
- Maternity grant
- Courses and lectures
- Rights in pension funds
- Newsletters

Grettisgata 89, 3. floor, tel. 525-8330 – fax 525-8339

Branch in Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

[strv@bsrb.is](mailto:strv@bsrb.is) - [www.strv.is](http://www.strv.is)

### Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar – Stowarzyszenie pracowników miasta Reykjavik – jest związkiem zawodowym

W biurze stowarzyszenia członkowie mogą uzyskać pomoc i informacje na temat:

- Wynagrodzenia
- Praw w miejscu pracy
- Zapomogi na cele edukacyjne
- Wypożyczenia domków urlopowych
- Zapomogi na skutek wypadków, chorób i innych spraw zdrowotnych
- Zasiłku macierzyńskiego
- Kursów i wykładów
- Praw w funduszach emerytalnych
- Biuletynów

Grettisgata 89, 3. piętro, tel. 525-8330 – faks 525-8339

Filia w Akranes: Suðurgata 62, tel. 525-8338 / 431-3133

[strv@bsrb.is](mailto:strv@bsrb.is) - [www.strv.is](http://www.strv.is)

## Námskeið í vistakstri

Boðið var upp á námskeið í vistakstri á Umhverfis og samgöngusviði Reykjavíkurborgar nýlega. Markmiðið með námskeiðinu er að draga úr losun mengandi efna við akstur, spara kostnað og auka umferðaröryggi. Vistakstur er einföld aðferð til að draga úr loftmengandi útblæstri úr bílum. Mengun andrúmsloftsins af mannavöldum er talin vera ein mesta umhverfisvá sem ógnar lífinu á jörðinni.

Hjá Sorphirðunni eru 10 sorpbifreiðar. Þar af eru 9 þeirra knúnar áfram með metangasi sem er lofttegund sem myndast á urðunarstöðum sorps við niðurbrot á lífrænum úrgangi. Hérlendis er metangasi safnað saman á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi. Stefnt er að því að allar sorpbifreiðar Reykjavíkurborgar verði knúnar áfram með metangasi. Skaðleg útblástursegfi frá metanbílum eru mun minni en í hefðbundnum bílum.

Sorphirðan tilheyrir Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar og vill hún gera enn betur með því að allir bílstjórar sækja vistaksturnámskeið. Stefnt er að því að draga enn meira úr losun mengandi efna við aksturinn ásamt því að brenna minna eldsneyti, minnka slit á ökutækjum, stuðla að auknu umferðaröryggi og síðast en ekki síst að draga úr kostnaði með þessu námskeiði.

Sótt var um styrki hjá starfsmenntasjóðum hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og Eflingu sem brugðust vel við beiðninni og styrktu námskeiðið með veglegum hætti. Aðalökuskólinn ehf. sá um námskeiðið.



## Útskrift úr ritara- og skrifstofustjóranámi



*F.v. Magnea Torfildur Magnúsdóttir, Anna G. Egilsdóttir og Jenný Magnúsdóttir*

Glæsilegur hópur útskrifaðist 15. maí síðastliðinn af ritara- og skrifstofustjórabraut frá Framvegis og Verslunarskólanum. Þessar þrjár stóllur eru ritarar í Breiðholtsskóla og jafnframt félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Óskar félagið þeim innilega til hamingju með áfangann.



# RITARA- OG SKRIFSTOFUSTJÓRANÁM

Námið er í samvinnu Framvegis og Verzlunarskóla Íslands og er blanda af staðbundnu námi í Verzlunarskólanum og fjarnámi í WebCT kerfinu. Námið er einingabært (22 einingar) og dreifist á þrjár annir. Staðbundnar lotur eru 3x tveir virkir dagar á hverri önn og fjarnámið er stundað þess á milli.

Námið skiptist þannig:

## **BÓK113 Bókfærsla**

Markmið áfangans er að nemendur geti lesið úr reikningum fyrirtækja og stofnana, geti fært bókhald, merkt reikninga og hafi grundvallarþekkingu á áætlanagerð.

## **ENS173 Viðskiptaenska og ritað mál**

Markmiðið er að efla orðaforða og þar með læsi á ensku sem og ritun bréfa á málinu.

## **ÍSL173 Íslenska til bréfa- og skýrsluskrafa**

Farið er í almenna uppsetningu bréfa og skýrsla og margvísleg frágangs- og framsetningaratriði þjálfuð

## **TÖN141 Power Point og Publisher**

Markmið áfangans er að nemendur geti nýtt sér glærugerðarforritið til að útbúa kynningar og þekki helstu möguleika þess. Einnig er lögð áhersla á að nemendur þekki grunnatriði í umbrotsforritinu Publisher og geti aðlagð tilbúin form að eigin þörfum.

## **LÍB101 Líkamsbeiting og vinnustellingar.**

Meginmarkmið áfangans er að kenna nemendum mikilvægi réttar líkamsbeitingar í leik og starfi. Fjallað er um rétta líkamsstöðu svo og vinnustellingar við hin ýmsu störf.

## **SAM103 Samskipti á vinnustað og við viðskiptavinum, samtaltækni**

Fjallað er um samskipti á vinnustað, hvernig tekið er á móti viðskiptavinum og hvernig takast eigi á við erfiða viðskiptavinum. Fjallað er um ýmsar vinnustaðakennningar, lausn ágreiningsmála og samtaltækni.

## **SÍÐ102 Siðfræði**

Fjallað um helstu gildi í mannlegum samskiptum, verðmæti og fjölmenningu. Tekist á við vandamál sem koma upp í starfi tengdum virðingu fyrir einstaklingnum og trúnaðarskyldu. Mikil áhersla lögð á umræður og sjálfstæða nálgun þátttakenda



## **SKY101 Skyndihjálpar**

Undirstöðuatriði skyndihjálpar kennnd. Námið er í umsjón Rauða krossins.

## **TÖN103 Ritvinnsla, excel og tölvupóstur**

Markmið áfangans er að nemendur geti nýtt sér ritvinnslu við uppsetningu, umbrot, frágang og vistun skjala. Farið verður í helstu grunnatriði Excel s.s. almenna gagnaúrvinnslu, gerð og mótun formúlna. Ennfremur verður farið í meðferð og flokkun tölvupósts.

## **STJ101 Stjórnun**

Fjallað er um helstu stjórnunarkenningar, stjórnunaraðferðir og mismunandi stjórnunarstíla. Grunnatriði stefnumótunar verða jafnframt til umfjöllunar.

## **UMH101 Umhverfisfræði**

Fjallað verður um stefnumótun í umhverfisfræði, vistvænni umgengni og endurvinnslu.

## **Skráning í ritara- og skrifstofustjóranám**

Umsóknarfrestur er til 2. september 2009.

Nánari upplýsingar og skráning:  
Framvegis miðstöð um símenntun.  
Síðumúli 6, 108 Reykjavík. Sími 581 4914.  
Netfang: framvegis@framvegis.is